

Sp.

34. Fyrirspurnir.

[34. mál]

I. Til samgönguráðherra um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Er lokið athugun þeirri á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, sem samþykkt var á Alþingi 29. maí 1980?
2. Ef svo er, hverjar eru niðurstöður hennar?

II. Til heilbrigðisráðherra, um setningu reglugerðar varðandi ellilífeyri sjómanna.

Frá Karvel Pálmasyni og Pétri Sigurðssyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að setja reglugerð, svo sem lög gera ráð fyrir, um framkvæmd þess ákvæðis 7. málsg. 11. gr. laga um almannatryggingar sem fjallar um aukin ellilífeyrisréttindi sjómanna?
2. Ef svo er, hvenær má vænta þeirrar reglugerðar?

III. Til forsætisráðherra um opinbera stefnu í áfengismálum.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að hrinda í framkvæmd þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1981 um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum?

IV. Til samgönguráðherra um ókeypis símaþjónustu opinberra stjórnsýslustofnana.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvað hefur verið gert í framhaldi af samþykkt þingsályktunar um að kannaðir verði möguleikar á ókeypis símaþjónustu (frínúmer) opinberra stjórnsýslustofnana?